

Eydís Ásbjörnsdóttir og Hjörtur Jónsson stýrimenn allsherjarnefndar gerðu grein fyrir starfi nefndarinnar. Niðurstöður úr starfi nefndarinnar eru eftirfarandi tillögur/álit:

Öryggi í höfnum:

Hafnasambandsþing haldið í Reykjavík dagana 25. og 26. október 2018 beinir þeim tilmælum til hafna að unnið verði áhættumat þar sem leitast verður við að benda á hættur sem stafað geta að þeim sem fara um hafnarsvæði og hafnabakka. Því er beint til stærri hafna að unnið verði að öryggisvottun hafnanna. Íslenskar hafnir uppfylla langflestar öll ákvæði reglugerðar um öryggi í höfnum, en mikilvægt er að horfa til atriða sem ekki verða sett í reglugerðir. Útgerðir hafa náð framúrskarandi árangri í öryggismálum með markvissum aðgerðum og mikilvægt að hafnirnar láti ekki sitt eftir liggja.

Samþykkt samhljóða.

Fjárveitingar til hafna:

Á fjárlögum ársins 2018 var framlag til framkvæmda í höfnum aukið nokkuð og í fyrrliggjandi frumvarpi til fjárlaga lækkar fjárhæðin lítillaga eða úr 923,4 m.kr. í 915,5 m.kr. Hafnasambandsþing haldið í Reykjavík dagana 25. og 26. október 2018 skorar á Alþingi og ráðherra samgöngumála að herða enn róðurinn því víða um land eru stór óleyst verkefni og því mikilvægt að enn frekara átak verði gert til að styrkja þá mikilvægu innviði sem hafnirnar eru. Til þess að styrkja fjárhagsgrunn hafna og mæta fyrirsjáanlegri viðhaldsþörf hafna og nýframkvæmdum er skorað á Alþingi að taka til alvarlegrar skoðunar að hafnir fái hlutdeild í álögðu veiðigjaldi samkvæmt lögum nr. 74 frá 2012.

Samþykkt samhljóða.

Reglugerð ESB um þjónustu í höfnum:

Reglugerð Evrópuþingsins- og ráðsins og ESB (2017/352) varðandi ramma um veitingu hafnaþjónustu og um sameiginlegar reglur um gegnsæi í fjármálum fyrir hafnir, tekur gildi innan ESB í marsmánuði árið 2019. Ekki liggur fyrir hvort eða með hvaða hætti reglugerðin verður innleidd á Íslandi en líkur má leiða að því að gera þurfi breytingar á hafnalögum ef reglugerðin eða hluti hennar verður innleidd. Hafnasambandsþing haldið í Reykjavík dagana 25. og 26. október 2018 samþykkir að beina þeirri áskorun til ráðuneytis samgöngumála að Hafnasambandi Íslands verði haldið upplýstu um gang mála og innleiðingu reglna á grundvelli reglugerðarinnar. Vakin er athygli á að reglugerðin er leiðbeinandi og virðir mismunandi rekstur og rekstrarform hafna. Auk þess má ákveða að þessi reglugerð gildi ekki um hafnir við sjó innan heildarnetsins, sem eru staðsettar við ystu svæðin sem um getur í 349. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Eftir sem áður eru atriði í reglugerðinni sem taka þarf í lög á Íslandi og því mikilvægt að í umfjöllun um þau atriði verði Hafnasambandinu haldið upplýstu.

Samþykkt samhljóða.

Stefnumótun:

Hafnasambandsþing haldið í Reykjavík dagana 25. og 26. október 2018 leggur áherslu á að mótuð verði landsstefna í samgöngumálum, sem taki skýrt á framtíðarskipan hafnarmála og því mikilvæga hlutverki sem hafnir gegna í samgöngum landsins. Sérstaklega verði horft til aðstöðu sem þarf að vera til staðar til að mæta þörfum stækkandi farskipaflota og einnig mögulegri aukningu í flutningum og aukinni skipaumferð til landsins um norðurslóðir. Einnig verði horft til hagkvæmni í samtengingu flutningaleiða á sjó, landi og lofti.

Samþykkt samhljóða.